



Reykjavík, 13. febrúar 2018
R18010097
670

Borgarráð

Tillaga vegna verklags - Hverfið mitt

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 12. febrúar sl. var hjálögð tillaga vegna verklags fyrir Hverfið mitt, dags. 12. febrúar 2018, samþykkt, sbr. 5. lið fundargerðar. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð vísaði jafnframt fjármögnunarhluta tillögunnar til borgarráðs til þóknanlegrar meðferðar.


Sandra Dröfn Gylfadóttir
e.u.

Hjálagt:
Tillaga vegna verklags - Hverfið mitt, dags. 12.02.2018.



Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Tillaga vegna verklags – Hverfið mitt

Lagt er til að aukið samráð verði haft við hugmyndahöfunda í verkefninu Hverfið mitt 2018 á meðan hugmyndasöfnun og hugmyndamat í verkefninu stendur yfir. Haft verði samráð við ýmsa hópa og samtök í borginni um innsendingu hugmynda og hvatt til samstarfs um vinnslu hugmynda.

Greinargerð

Aukið samráð við hugmyndahöfunda á meðan á hugmyndasöfnun stendur og á meðan verið er að meta hvaða tillögur eru tækar í kosningu er líklegt til að skila betur útfærðum hugmyndum, auka sátt hugmyndahöfunda við ferlið og trúverðugleika þess, sem og gefa gleggri mynd af vilja íbúa gagnvart Hverfinu mínu.

Sé miðað við þátttöku á fyrri árum má gera ráð fyrir að hugmyndir verði fleiri en svo að hægt verði að hafa samband við alla hugmyndahöfunda. Því þarf að forgangsraða hverja er haft samband við. Lagt er til að sett verði í forgang að hafa samband við hugmyndahöfunda sem fá mikinn stuðning eða umræðu á hugmyndasöfnunarvefnum, hugmynda sem eru ekki tækar í verkefnið eins og þær eru sendar inn en mætti með einhverjum breytingum laga að reglum verkefnisins, og hugmynda sem mikil hugsun og vinna virðist hafa verið lögð í. Þannig er reynt að draga fram vilja íbúa betur sem og styðja við höfunda við útfærslu hugmynda sinna.

Til að geta betur lagt mat á þessi atriði þarf að gera breytingar á vefkerfinu til að styðja við eftirfarandi þarfir notenda:

- Hægt verði að lýsa innsendri hugmynd með texta sem er lengri en 500 stafbil.
- Hægt sé að festa viðhengi við hugmyndir í formi greinargerðar eða annars ítarefnis.
- Hægt sé að gefa upp upplýsingar um tengilið fyrir hugmyndir, ásamt síma og netfangi

svo hægt sé að hafa samband.

Aukið frumkvæði að samvinnu við ýmsa hópa í borginni gæti getið af sér enn vandaðri og áhugaverðari verkefni en áður sökum reynslu og þekkingar hópanna á hugmyndavinnu og borgarlandinu, auk þess að vera liður í að bæta samtal borgarinnar almennt við hópana. Hóparnir sem horft er til væri m.a. ýmis samtök frumkvöðla og nýsköpunar, samtök sem nýta borgarlandið í sínum verkefnum t.d. varðandi hjólreiðar og jaðariþróttir, samtök fatlaðs fólks, innflytjenda, aldraðra auk frístundamiðstöðva unglunga o.s.frv. Þar sem ekki hefur verið unnið með þessum hætti áður í verkefninu verður rúm fyrir þróun á meðan á hugmyndasöfnun stendur og reynsla kemur á samstarf við ýmsa hópa.

Áhersla er lögð á að ná sem fjölbreyttustum hópi inn í kosningu í verkefninu, en grundvöllur fyrir því að það takist er að í kosningunni sé verið að bjóða upp á verkefni sem höfða til þeirra. Það er því mikilvægt að vinna markvisst að því í hugmyndasöfnun að fá inn góðar og fjölbreyttar hugmyndir sem höfða til allskonar fólks þegar kemur að kosningu.

Til þess að geta fundið hópana, verið í samskiptum við þá, veitt stuðning við þá hugmyndavinnu sem þarf að eiga sér stað innan þeirra og aðstoða við mótun hugmynda á þann hátt að þær séu tækar í verkefnið þarf fleiri starfsmenn í verkefnið meðan á hugmyndasöfnun stendur.

Áætlaður kostnaður við breytingar á vefsíðu: 400.000 kr.

Áætlaður kostnaður við aukið samráð við íbúa og félagasamtök á meðan hugmyndasöfnun og hugmyndamat stendur: 3.000.000 kr.

Alls: 3.400.000 kr.



Unnur Margrét Arnardóttir
verkefnastjóri Hverfisins míns